

# Guldmann™

...Leiðarvísir fyrir Guldmann hjólalyftara



- Á við lyftara 11220-XXX, 11230-XXX, 11240-XXX  
Framleiðandi: V. Guldmann A/S
- Grahm Bells Vej 21-23A DK-8200 Arhus N.


---

### Lyftarinn samanstendur af

Áður en lyftarinn er notaður er gott að yfirfara hann og ganga úr skugga um að allir hlutir séu til staðar

### Hlutar sem eiga að vera með:


- Aksturshandfang
- Segluphengji
- Handstýring
- Hleðslutæki



## Lyftari settur saman

### Mastur sett á hjólastell

Losið sexkant skrufuna neðst á mastri og fjarlægjið. Stingið mastri niður í hjólastellið og setjið skrufuna aftur í, notið 5mm sexkant til þess að herða skrufuna.



### Handfang fyrir glennu og Aksturshandfang

Setjið keyrsluhandfang á og skrúfið með sexkant. Glennið hjólastell í sundur og stingið handfangi fyrir glennuna niður í gegnum keyrsluhandfangið og upp á öxlina í hjólastellinu herðið með sexkanti í öxli í gegnum gat á handfangi.

### Tenging á mótör og handstýringu

Stingið mótör í samband við innstungu á mastri og skrúfið saman. Stingið handstýringu í samband við innstungu ofarlega á mastri og skrúfið.


### Mótör festur á bóm

Festa þarf efri enda á mótör við bómuna á lyftaranum með bolta sem gengur í gegnum auga á mótorendanum og síðan er sett ró á og hún hert.

### Rafhlöður

Rafhlöðurnar eru ekki full hlaðnar þegar lyftarinn er nýr. Nauðsynlegt er að hlaða lyftaran í 8 klst. áður en hann er notaður í fyrsta sinn.

Seglupphengið er krækt á bómuna ein og sýnt er á myndinni.



Lyftarinn er nú tilbúinn til notkunnar

Ef flytja þarf lyftarann skal taka mastur og glennuhandfang af hjólastelli


---

## Notkunarleiddbeiningar fyri GL2, 3 og 4

### Handstýring og ljós

Lyftarinn kveikir sjálfkrafa á sér þegar ýtt er á handstýringuna, og ljósið kviknar á lyftaranum (sjá mynd neðar)

Lyftarinn slekkur sjálfkrafa á sér eftir 1 mínútu standi hann ónotaður



### Hjólasett breikkað

- Til þess að glenna í sundur hjólasett færir handfang frá vinstri til hægri. Á lyftara með rafglennu er þessi aðgerð framkvæmd á handstýringu.

### Bremsur á aftari hjólum

- Lyftarinn er með bremsur á aftari hjólunum. Setjið bremsuna á með því að stíga beint niður á petalann sem er á hjólinu.
- Til að losa bremsuna, stígið ofan á petalann og ýtið aftur.
- Notið ekki bremsuna þegar lyft er eða þegar slakað er.
- Notið bremsuna alltaf þegar lyftarinn er ekki í notkun.

---


### Öryggisatriði

Lyftarinn er með neyðarstopphnappi og neyðarslökunarhnappi. Í neyðartilvikum skal ýta á neyðarstopphnappinn og slaka notandanum niður með neyðarslökunar hnappinum sem merktur er með fallhlíf.

### Neyðarstopp

Þegar ýtt hefur verið á neyðarstoppið þarf að snúa takkanum svo hann smelli út aftur.


**Þegar hnappurinn hefur verið notaður þarf að ýta tvisvar á handstýringuna til þess að fá lyftarann til að virka aftur**



### Neyðarslökun

Ef ekki er hægt að slaka lyftaranum niður með handstýringunni  
- **Ýtið á neyðarslökun**

Ýtið á og haldið inni rauða takkanum og bóman  
fer niður en þó hægar en þegar handstýringin er notuð



Eftir að neyðarstopphnappurinn eða neyðarslökunin hafa verið  
notaðar er nauðsynlegt að yfirfara lyftarann áður en hanner notaður aftur.

---


### Hleðsla og tenging á lyftaranum

#### Hleðsla

- Hlaðið með því að nota meðfylgjandi hleðslutæki.
- Hlaðið alltaf á nóttu eða þegar lyftarinn er ekki í notkunn þetta lengir líftíma rafhlaðanna í lyftaranum.
- Ef græna ljósið hjá rafhlöðunni blikkar skal hlaða lyftarann eins fljótt og auðið er.
- Þegar græna ljósið byrjar að blikka eru eftir ca. 5 lyftur áður en að lyftarinn stoppar sjálfkrafa.
- Græna ljósið logar þegar lyftarinn er í notkunn.
- Hleðslutækið hættir sjálfkrafa að hlaða þegar lyftarinn er fullhlaðinn.
- Ekki skal hlaða lyftarann í votrymi (baðherbergjum).
- Hámarkshleðslutími er u.þ.b. 8 klst.

#### Hleðslutæki

Hleðslutækið er hægt að staðsetja bæði á vegg og einnig  
á hlið mastursins  
Hleðslutækinu er stungið í samband við lyftarann á mastinu merkt DC



---

**Geymsla**

Lyftarann skal geyma á þurrum stað  
Ekki skal geyma eða hlaða lyftarann á baðherbergjum.

---

**Langtíma geymsla**

Komi til þess að geyma þurfi lyftarann til lengri tíma skal hann vera í rými sem hefur hitastig á bilinu 15 til 25°C<sup>0</sup>  
Hugsanlegt er að rafhlöðurnar þoli ekki langann geymslutíma nema þær séu hlaðnar reglulega.

---

**Ummhirða og viðhald**

Þegar lyftari er yfirfarinn skal athuga hvort rær og boltar á mótorendum séu fastir, auk þess skal yfirfara bolta í hjólastelli.

**Þrif á lyftaranum**

Gott er að þurrka af lyftaranum með rökum klút.  
Ef þörf er á að sótthreynsa eða gufupvo lyftarann er nauðsynlegt að taka mótörinn af, aftengja hndstýringu og hleðslutæki, þá er hægt að draga rafhlöðu-geymslu og rafbúnaðinn uppúr gálganum og er þá óhætt að þvo lyftarann með varni.

---

**Rafbúnaður**

Hjólalyftari ..... IP 32  
Handstýring ..... IP 20  
Rofar í handstýringu ..... IP 67

---

**Þjónusta og eftirlit**

---

**Viðhaldsþjónusta**

Æskilegt er að lyftarinn sé skoðaður og yfirfarinn af viðurkenndum Guldmann þjónustu aðilla a.m.k. einu sinni á ári.

Áætlaður líftími á lyftaranum er 15 ár miðað við rétta notkunn reglulegt viðhald, þjónustuskoðannir og eðlileg þrif.  
Ekki er æskilegt að lyftarinn sé tekinn í sundur nema að viðurkenndum þjónustuaðilla Guldmann

Rafbúnaður inn í lyftaranum er viðkvæmur og getur skemmt við snertingu og er því ekki æskilegt að annar en viðurkenndur þjónustuaðilli Guldmann sjái um viðgerðir á honum

Þjónustuaðilli Guldamnn sér um að útvega alla nauðsynlega varahluti.

# Guldmann™



Time to care

**V. Guldmann A/S**  
Head Office:  
Graham Bells Vej 21-23A  
DK-8200 Aarhus N  
Tlf. +45 8741 3151  
Fax +45 8741 3131  
E-mail [info@guldmann.com](mailto:info@guldmann.com)  
[www.guldmann.com](http://www.guldmann.com)

© Guldmann 439/06/04 • # 944120